

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Lindargata 28-32.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 23. apríl 2014, breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis vegna lóðarinnar nr. 28-32 við Lindargötu. Í breytingunni felst að heimilaðar eru léttbyggðar tengibyggingar í tvö bil á milli rishæða Lindargötu 28-32.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Ánanaust 8.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 9. apríl 2014, breytingu á deiliskipulagi reits 1.089.8 vegna lóðarinnar nr. 8 við Ánanaust. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit fyrir endurvinnsluhús og aukningu á byggingarmagni.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Dofraborgir 3.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 25. apríl 2014, breytingu á deiliskipulagi Borgarhverfis E-H hluta vegna lóðarinnar nr. 3 við Dofraborgir. Í breytingunni felst aukning á nýtingarhlutfalli, stækkun á byggingarreit vegna byggingar nýs bílskúrs og breyting á skilmálum vegna þakhalla bílskúrs.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 29. apríl 2014.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 15. apríl 2014